ELZTI MÁLARI LANDSINS SÝNIR VERK SÍN

Eyjólfur J. Eyfells heldur yfirlitssýningu að Kjarvalsstöðum.

Elzta myndin er máluð 1908 — þær yngstu í fyrra

EYJÓLFUR J. EYFELLS listmálari hefur opnað málverkasýningu að Kjarvalsstöðum, en Eyjólfur er á nítugasta aldursári, en hann er fæddur 6. júní 1886 í Seljalandsseli, Vestur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu.

Á yfirlitssýningu þessari sýnir Eyjólfur 125 myndir, sem málaðar eru á ýmsum tímum. Sú elzta er af kirkjunni og kirkjustaðnum í Gaulverjabæ, en hún er máluð fyrir 68 árum. Eigandi myndarinnar er Alfreð Guðmundsson, forstöðumaður Kjarvalsstaða.

Eyjólfur J. Eyfells bauð blaðamönnum upp á kaffi að Kjarvalsstöðum á föstudaginn. Hann er við ágæta heilsu og lætur engan bilbug á sér finna, þrátt fyrir háan aldur.

Eyjólfur J. Eyfells þarf ekki að kynna fyrir Íslendingum, en ekki sakar að rifja upp eftirfarandi:

Eyjólfur J. Eyfells, listmálari, varð 89 ára 6. júní sl. og í tilefni þeirra tímamóta er haldin yfirlitssýning sú, er nú gefur að líta í vesturálmu Kjarvalsstaða.


Eyjólfur var í þrjá vetur í teiknískóla Stefáns Eiríkssonar, hins oddhaga, í Reykjavík. Hann var við listmálaranám hjá prof. E.O. Simonson-Castelli í Dresden á árunum 1923 og '24.

Hann hefur haldið fjölda málverkasýninga innan lands og í Brook Street Gallerie í London árið 1936.

Þá hefur hann tekið þátt í fjölda samsýninga, bæði utan lands og innan.

Hann hefur helgað sig málaralistinni sl. 60 ár og ætið verið afkastamikill við starf sitt og selt öll verk sín jafnóðum og prýða þau nú heimili fólks af öllum þjóðfélagsstéttum um land allt, enda hefur hann ætið stillt verði verka sinna mjög í hóf í því skyni að sem flestir ættu þess kost að njóta þeirra.

Þá munu allmargar af myndum hans vera viðs vegar erlendis.



Eins og fjölmörgum er kunnugt, hlaut hann í vöggugjöf dulræna hæfileika, sem hann lagði rækt við er hann náði fullorðinsaldri.

Hann er einlægur spiritisti og einn þeirra er telur sig muna glefsur úr fyrri jarðvistum sínum.

Hann telur sig í þessari jarðvist hafa stigið það skref til þroska, að hafa að fullu getað skilið við þann leiða löst mannkynsins, ágirndina.

Hann er ern, sjón og handastyrkur í góðu langi, enda fæst hann enn við að handleika pensla og fást við liti.

Hann mun elztur núlifandi listmálara hérlendis.

Sýning Eyjólfs J. Eyfells verður opin daglega frá kl. 16.00-22.00, nema um helgar, þá er opið frá 14.00-22.00.

Þá mun verða opið á mánudaginn, en sem kunnugt er þá eru listsýningar á Kjarvalsstöðum yfirleitt lokaðar á þeim degi.

Sýningunni lýkur 28. júní — JG.

„Hannes Pétursson er skáld lífsfyllingarinnar"

— sögðu þýzku blöðin, þegar honum voru afhent Henrik-Steffens verðlaunin í Kíl

SJ—Reykjavík — Nýlega voru Hannesi Péturssyni skáldi afhent svonefnd Henrik-Steffens-verðlaun, 25.000 þýzk mörk, í ráðhúsinu í Kíl í Þýzkalandi. Þessum verðlaunum er ætlað að stuðla að viðhaldi menningararfs Evrópu, skoðanaskiptum milli þjóða. Verðlaun þessi eru árlega veitt Norðurlandabúa, sem skarað hefur fram úr í listum, skipulagi borga eða landslags, þjóðfræðum eða hugvísindum.

Einnig er árlega veittur 5000 marka námsstyrkur ungum námsmönnum, og hlaut Árni Óskarsson hann að þessu sinni.

Verðlaunin eru afhent til skiptis í Kíl og Lubeck. Sérstakt ráð ákveður hver hlýtur verðlaunin, og er forseti þess dr. Landahl þingmaður í Hamborg, en auk hans eiga fulltrúar Norðurlandaþjóðanna sæti í ráðinu, og tveir fulltrúar Kílarháskóla. Vilhjálmur Þ. Gíslason er fulltrúi Íslands.

Í grein í dagblaðinu Kieler Nachrichten um þennan atburð er Hannes kallaður skáld lífsfyllingarinnar og ferill hans ítarlega rakinn, jafnframt því sem sagt er frá afhendingu verðlaunanna. Dr. Otto Oberholzer sérfræðingur í Norðurlandamálum, sem á sæti í verðlaunaráðinu, flutti afhendingarræðu, sem Jón Friðjónsson lektor við Norrænudeild Kílarháskóla hafði samið. Þá lék strokkvartett kammerhljómsveitarinnar í Kíl.

Í blaðagreininni segir, að Hannes hafi frá upphafi verið fremstur í flokki skáldbræðra sinna. „List hans er frábærlega fjölbreytt að efni og tjáningarform hans er í stöðugri breytingu. Í ræðu Jóns Friðjónssonar segir, að Hannes yrki um gleði og sorg — meðal verka hans eru einhver fegurstu ástarljóð 20. aldar, sem vekja aftur til lífsins þráða liðna tíð. Hann snýst gegn vígbúnaði og sérhverri lítilsvirðingu á fyllingu hins jarðneska lífs....."

Þegar Hannes tók við verðlaunum sagði hann, að verk sín væru tilraun til íslenzkrar túlkunar á evrópskri nútímahugsun í ljóðum. Skáldskapur sinn væri táknrænn fyrir andlega og félagslega breytingatíma á Íslandi, íhugun og málamiðlun milli borgaralegrar menningar og menningar tímanna fyrir iðnbyltingu, en einnig hlífðist hann ekki við að mótmæla neikvæðum fyrirbrigðum nútímans. Án þekkingar á sérkennum hinnar „síbreytilegu" náttúru Íslands væri ekki hægt að skilja ljóð sín til neinnar hlítar.



Hannes Pétursson skáld tekur við tilkynningu um að honum hafi verið veitt Henrik-Steffens verðlaunin 1975 úr hendi dr. Werners Kaltefleiter varaforseta Christian-Albrechts-háskólans í Kíl.

How to make the sound system you bought sound like the sound system you bought.



TDK®

TÆR TÓNN

á segulbandsþræði

Sérfræðileg þekking T.D.K. á segulmagni og seguláhrifum, hafa sett T.D.K. í fremstu röð framleiðanda á segulbandsþræði.
Þegar þú hljóðritar uppáhalds hljómlistina þeirra, kemstu fljótt að raun um að T.D.K. spólurnar hafa: alla háutónana, alla millitónana, alla lágutónana, allar yfirsveiflur og allt sem skiptir máli til að ná fullkominni upptöku.

Kassettur frá T.D.K. eru til sölu í mörgum útgáfum

1 **DYNAMIC (D)**
er góður og ódýr þráður sem er mjög góður til allra venjulegrar upptöku.

2 **SUPER DYNAMIC (SD)**
Mjög góður þráður sérstaklega þar sem gerðar eru kröfur um tóngæði

3 **EXTRA DYNAMIC (ED)**
Bezti þráður, sem völ er á. Notist þar sem kröfur um gæði eru mestar.

4 **KRÓM (KR)**
Frábær þráður sem notist í tæki gerð fyrir krómþráð einnig fyrirliggjandi.



TDK®
fást í öllum helstu hljómtækjaverslunum

Heildsölubirgðir
KARNABÆR
HLJÓMTÆKJADEILD
Laugavegi 66 · Sími 2-81-55

Prentarar
Viljum ráða handsetjara strax

Prentsmiðjan Edda h.f.

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS

Útboð

Sjúkrahús á Akureyri

Heildartilboð óskast í frágang á fokheldri viðbyggingu við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.
Útboðsgögn eru afhent á skrifstofu vorri og skrifstofu bæjarverkfræðingsins á Akureyri gegn skilatryggingu kr. 10.000.-.
Tilboðin verða opnuð 22. júlí 1975, kl. 11.00 f.h.

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS
BORGARTÚNI 7 SÍMI 26844